

Samráð vegna útnefningar alþjónustuveitanda

Viðauki C - Yfirlit yfir spurningar Póst- og fjarskiptastofnunar

Spurning 1.

Telur þú að eðlilegt sé að setja þak á þann kostnað sem alþjónustuhafi skal bera varðandi nýja tengingu eða endurnýjun á eldri tengingum við almenna talsímanetið? Ef svo er hver á hámarkskostnaður sem alþjónustuveitandi ber að vera? Telur þú að leggja eigi einhver önnur sjónarmið en kostnað til grundvallar þegar metið er hvort alþjónustuveitandi skuli verða við beiðni um aðgang að tengingu við almenna talsímanetið eða við endurnýjun á eldri línum?

Spurning 2.

Hvert er þitt álit á þeim atriðum sem bent er á í köflum 2.1- til 2.5 í tengslum við útnefningu alþjónustuveitanda? Eru einhver önnur atriði sem þarf að taka til skoðunar? Vinsamlegast færið rök fyrir athugasemdum.

Spurning 3.

Hvert er þitt álit á þeim atriðum sem reifuð eru hér að ofan, í tengslum við mat á því hver væri hæfilegur gildistími alþjónustuskyldna?

Spurning 4.

Hvert er þitt álit á þeirri tillögu hér að ofan um útnefningu Símans hf. sem alþjónustuveitanda að því er varðar tengingu við almenna talsímanetið og á sviði talsímaþjónustu? Eru aðrir þættir sem rétt væri að taka til skoðunar af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar þegar kemur að útnefningu nýs alþjónustuveitanda á sviði talsímaþjónustu?

Spurning 5.

Hver er þín skoðun á þeirri tillögu Póst- og fjarskiptastofnunar að útnefna Símann hf. sem alþjónustuveitanda að því er varðar gagnaflutningsþjónustu með 128 Kb/s flutningsgetu? Eru einhver önnur fyrirtæki á markaði sem koma til greina sem alþjónustuveitendur að því er varðar gagnaflutningsþjónustu með að lágmarki 128 Kb/s flutningsgetu?

Spurning 6

Finnst þér þær áskriftarleiðir sem Síminn býður þeim sem eingöngu eiga kost á tengingu með 128 Kb/s gagnaflutningshraða mæti þörfum notenda? Ef ekki vinsamlegast rökstyðjið svarið.

Spurning 7.

Hvert er þitt álit á þeirri tillögu Póst- og fjarskiptastofnunar, að Síminn verði útnefndur sem alþjónustuveitandi að því er varðar aðgang að símaskrá og upplýsingaþjónustu um símanúmer (118)? Eru önnur fyrirtæki á markaði sem koma til greina sem alþjónustuveitandi á þessum tilteknu sviðum?

Spurning 8.

Telur þú að upplýsingaþjónusta sem veitt er í númerinu 118 mæti framangreindum þörfum notenda?

Spurning 9.

Hver er þín skoðun á þeirri tillögu Póst- og fjarskiptastofnunar að útnefna Símann hf. sem alþjónustuveitanda að því er varðar rekstur almenningssíma ef talið verður að þörf fyrir aðgengi að almenningssímum sé fyrir hendi?

Spurning 10.

Hver er þín skoðun á nauðsyn þess að almenningssímar séu starfræktir hér á landi undir merkjum alþjónustu?

Spurning 11.

Ert þú sammála þeirri tillögu Póst- og fjarskiptastofnunar að útnefna Símann hf. sem alþjónustuveitanda að því er varðar þjónustu við öryrkja og notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir?

Spurning 12.

Telur þú að núverandi þjónustu Símans hf. við öryrkja og notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir hafi mætt þörfum þeirra að því er viðkemur aðgangi að þeirri þjónustu sem fellur undir alþjónustu? Ef ekki hvaða þjónustu vantar og af hverju?

Spurning 13.

Finnst þér eftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar að því er viðkemur gjaldskrá fyrir alþjónustu þjóna tilgangi sínum? Ef ekki, hvers vegna?

Spurning 14.

Eru ofangreindir skilmálar Símans, fullnægjandi að því er varðar þá möguleika sem notendur hafa til að stjórna útgjöldum sem fara í fjarskiptaþjónustu? Ef ekki hvað finnst þér að vanti, vinsamlegast færið rök fyrir svarinu.

Spurning 15.

Hver er þín skoðun á skilgreindum gæðamarkmiðum varðandi frammistöðu alþjónustuhafa? Finnst þér rétt að skipta landinu upp í svæði þegar kemur að mati á frammistöðu, að því er varðar afhendingartíma tenginga og biðtíma vegna viðgerða. Ef það yrði gert hvernig væri eðlilegast að skipta landinu upp í þjónustusvæði?